

## Skýrsla Reiðveganefndar Spretts starfsárið 2013

Reiðveganefnd Spretts 2013 skipuðu þau Ágústa Halldórsdóttir, Ragna Emilsdóttir og Halldór H. Halldórsson sem var formaður nefndarinnar.

Nefndin hélt fjóra formlega fundi auk sameiginlegs fundar með umhverfisnefnd Spretts, að auki voru nokkur tölvusamskipti milli nefndarmanna.

Á fyrsta fundi Reiðveganefndar, 3.apríl, þar sem mætt voru Halldór Halldórsson og Ágústa Halldórsdóttir, var farið yfir gögn með upplýsingum um það sem helst er í gangi varðandi reiðleiðir og skipulagsmál á starfssvæði Spretts. Rætt um tillögur að aðalskipulagsbreytingum sem Garðabær lagði fram varðandi útivistarleiðir í Heiðmörk og Sandahlíð, hvað mætti bæta þar. Halldór Halldórsson og Þorvaldur Sigurðsson mæta á fund með skipulagsstjóra Garðabæjar ofl. fyrir hönd Spretts þann 10. apríl. nk.

Þá voru einnig skoðaðar reiðleiðir sem Kópavogur er að bjóða uppá, t.d. leiðir sem þeir sýna stoltir á skipulagsuppdráttum, en eru ekki nothæfar því þær liggja beint inn í íbúðarhverfi ( Leirdalshringur ). Ræddum um breytingu á deiliskipulagi hjá Kópavogi. Á svæði Vatnsendahlíð – Þing. Reitir 2-3-og 4.

Hestamenn þurfa að vera vel á verði gagnvart nýju íbúðasvæði og reyna að helga okkur land í kring um hestahverfið okkar, fá stjórn til að mótmæla þessu skipulagi. Einnig gætu hestamenn tekið sig saman og farið ríðandi á bæjarskrifstofur með mótmæli. Rætt var um að setja upp merkingar við reiðvegi og áningar með bæði nöfnum og númerum.

Ræddum um að það þyrfti að kanna ástand reiðvega í okkar nærumhverfi og fá Umhverfisnefnd til aðstoðar, þarf bæði að klippa greinar sem vaxa orðið víða út í reiðvegi, einnig þarf að fjarlægja bönd og staura sem girt hefur verið í reiðveginn frá reiðhölla áleiðis að Markarvegi.

Stór hætta getur skapast þar sem brunnar á vegum Kópavogsbæjar eru staðsettir í miðjum reiðvegum, þarf að ýta á bæjaryfirvöld að bæta þar úr.



2. fundur haldinn 22. apríl 2013. Mætt voru Halldór Halldórsson, Ágústa Halldórsdóttir og Ragna Björk Emilsdóttir.

H.H. sagði frá fundi með skipulagsstjóra Garðabæjar þann 10. apríl. sl. Á þeim fundi voru auk skipulagsstjóra, umhverfisstjóra og bæjarverkfræðings Garðabæjar, hönnuðir skipulagsins frá Landslag ehf, fulltrúar Oddfellow, skátafélagsins Vífils, Vegagerðarinnar og hestamannafélagsins Spretts. HH var ánægður með þann fund og fannst hann skila þó nokkru í rétta átt, amk. óskaði skipulagsstjóri eftir hugmyndum hagsmunaaðila um skipulagsbreytingarnar, gaf frest til 24. apríl með skil á tillögum. HH lagði fram tillögur að reiðleiðum vegna aðalskipulagsbreytinga í Heiðmörk og voru þær samþykktar í reiðveganefndinni. HH skilar inn tillögum til Skipulagsstjóra Garðabæjar 23. apríl. fyrir hönd hestamannafélagsins Spretts.

HH lagði fram nafnalista með reiðvegum, þar sem koma fram heiti, upphafspunktur, endapunktur og lengd í km. Reiðveganefnd Spretts er áhugasöm um að koma upp merkingum við reiðleiðir. Það er mikið öryggisatriði að hafa reiðvegina merkta svo hestamenn viti hvar þeir eru ef slys ber að höndum, einnig ganglegt öðrum sem eru á þessum slóðum. Mikil hjálp fyrir **112** vegna t.d. sjúkraflutninga.

Rætt var um hvað ætti að standa á skiltunum, t.d. nafn leiðar, lengd milli staða í km. og reiðveganúmer. Fyrirmyndin að þeim skiltum sem við höfum í huga eru gönguleiðaskilti sem eru í Mosfellsbæ og eru sett upp af skátafélaginu Mosverjum. Hestamannafélög á SV landi og eru aðilar að reiðveganefnd í Kjalarnesþingi hinu forna hafa samþykkt að vinna að uppsetningu sambærilegra skilta

á sínum svæðum. Þurfum að óska eftir leyfi hjá bæjaryfirvöldum, bæði Kópavogsbæ og Garðabæ, til að setja niður þessi skilti. Einnig væri æskilegt að setja nafnaskilti á allar áningar.

Sækja þarf um fjárframlög til Bæjarráða beggja sveitafélaga og jafnvel að fá einhverja aðra aðila til að styrkja okkur í þessari framkvæmd.

Þurfum að ítreka hættuna af brunnunum í reiðvegum, við Kópavosbæ. Einnig að við Hestheima þarf að færa reiðvegaskilti og hringtorgsskilti, sem stendur við hringtorgið inná reiðgötunni, getur stafað hættu af fyrir hesta og knapa.



Í framhaldi af ákvörðun nefndarinnar um merkingar reiðvega og reiðvegaskilti á H.H. ásamt Sæmundi Eiríkssyni frá hestamannafélaginu Herði fund með yfirföngja Mosverja um merkingar gönguleiða í Mosfellsbæ.

Minnispunktur frá fundi með Sæmundi Eiríkssyni og Ævari Aðalsteinssyni vegna gönguleiðamerkinga í Mosfellsbæ. 16. maí 2013.

- Hönnuður merkinga er Árni Tryggvason Straumsölum 1 Kóp. gsm. 862 5364 [arnitr@simnet.is](mailto:arnitr@simnet.is)
- Geislatækni ehf Suðurhrauni 12c c/o Grétar, símar 587 8400 820 0310, Kanterstál (leiser stálskurður).
- Stafaskurður og prentun fræðsluskilta Merking ehf. Viðarhöfða 4 sími 562 7044.

Ævar Aðalsteinsson skátaföngi hjá Mosverjum í Mosfellsbæ hefur yfir umsjón með merkingu gönguleiða í Mosfellsbæ í samstarfi við bæjaryfirvöld. Til verkefnisins hafa skátarnir fengið 5. m.kr. á ári sl. þrjú ár. Farið er að sjá fyrir endann á merkingu gönguleiða, en áfram verður þó viðhaldsvinna, bæði vegna breytinga á leiðum og viðhald skilta. Mikil vinna hefur farið í viðræður við landeigendur vegna gönguleiða og staðsetninga vegpresta.

#### **Ferlið:**

Vegprestar; uppl. um nöfn tengd hverjum vegpresti komið til hönnuðar sem gerir tillögur að skiltum, eftir yfirllestur og athugun um að allt sé rétt eru tillögur hönnuðar sendar til Merkingar ehf. sem útbýr skiltin ( máluð álskilti með álímdum stöfum ). Þessu næst sker Geislatækni ehf. út hæfilega stórar plötur úr kanterstáli undir skiltin. Kanterstálpötturnar eru festar á vegprestanta sem eru 95 x 95 mm gagnvarðir timburstaurar. Vegprestum valinn staður, grafin góð hola og púkkað vel með.

#### **Meðaltals kostnaður við hvern vegprest er um kr. 140.000,-**

Fræðsluskilti; Hönnuður gerir tillögu að fræðsluskilti þar sem er m.a. reiðleiðakort með merkingu „ þú ert hér“. Umgengnisreglur, uppl. um jarðfræði og sögu svæðisins, helstu kennileyti og etv. fl. Fræðsluskiltin eru á álplötum sem eru festar á kanterstál sem fest er á vegprest á viðkomandi stað, forsteypt hella ca. 100 kg. er undir fræðsluskiltinu.

#### **Meðaltals kostnaður við hvert fræðsluskilti er um kr. 250.000,-**



Vegprestur við fræðsluskilti



Fræðsluskilti



3. fundur Reiðveganefndar var haldinn 23. maí. Mætt voru Halldór Halldórsson og Ágústa Halldórsdóttir. Farið var yfir fund HH með Sæmundi Eiríkssyni og Ævari Aðalsteinsyni Skátaforingja í Mosverjum.

Farið var yfir fjölda vegpresta og hvar væri best að staðseta þá sem og upplýsingaskilti (fræðsluskilti). HH lagði fram kort þar sem merkt voru inn staðsetningar vegpresta og fræðsluskilta. Hugmynd er um að hafa upplýsingarskilti á 3 stöðum þar sem riðið er út úr hestahverfinu og í Gjarmótum. Einnig væri gaman að hafa eitt við vegprest 13, þegar riðið er inn á athafnasvæði okksr Sprettara. Þurfum að skoða vel hvað á að standa á upplýsingafræðsluskiltunum og vera búin að móta þetta aðeins betur áður en við leggjum þetta fyrir Bæjarstjórnir Kópavogs og Garðabæjar. Einnig þarf að fá tilboð í hönnun og prentun á skiltum.



H.H. er búinn að óska eftir fundi með báðum sveitafélögum til að ræða þessi mál.

Frá fundi reiðveganefndar Sprettis þann 18. 06. 2013 með Steingrími Haukssyni bæjarverkfræðingi Kópavogs, af hálfu Sprettis sátu fund þau Halldór H Halldórsson og Ágústa Halldórsdóttir, auk Steingríms sat Stefán L Stefánsson forstöðumaður framkvæmdadeildar Kópavogs fundinn.

Reiðveganefndin hafði óskað eftir fundinum til að kanna viðhorf bæjaryfirvalda til merkingar reiðstíga í sveitarfélaginu. Óhætt er að segja að fyrstu viðbrögð hafi ekki verið sérlega uppörvandi fyrir okkur Sprettara, sérstaklega viðbrögð S.L.S.

Vita ekki allir hvar reiðvegirnir eru? Er eitthvað með þennan reiðvega að gera? (reiðvegur um Smalaholt (Betubraut) innan Garðabæjar), og annað í þessum dúr, SH var heldur jákvæðari, en kvartaði yfir því að hestamenn riðu á slóðum og stígum í Garðabæ þar sem hestaumferð væri bönnuð. Við eftirgrennslan kom fram að um var að ræða línuveg og slóða um Básaskarð og niður undir Vífilsstaðavatn, honum var bent á að umræddur slóði væri á aðalskipulagi Garðabæjar 2004 – 2016 sem reiðleið og í skipulagsdrögum þess skipulags sem er verið að vinna að í Garðabæ.

Niðurstaða af þessum fundi var sú að jákvætt væri að öll hestamannafélög á höfuðborgarsvæðinu stefndu að samhæfðum merkingum reiðstíga.

Rétt sé að gera bæjarráði erindi um merkingar og fjárstuðningi við verkefnið, nánari útlistun á verkefninu og fjárhagsáætlun þarf að fylgja erindinu til bæjarráðs, umhverfisnefnd þarf einnig að fjalla um erindið.

Sama niðurstaða varð í raun hjá Garðabæ á fundi sem undirritaður átti með Eysteini Haraldssyni og Arinbirni Vilhjálmssyni þann 29.05.2013 um sama málefni, en Garðabæingar virtust þó öllu jákvæðari gagnvart merkingum reiðstíga. Ekkert fjármagn er að fá hjá Garðabæ umfram það sem er í samningi um uppbyggingu svæðisins, hvorki til viðhalds eða lagningu nýrra reiðstíga.

Ljóst er að ekki verða settar upp merkingar við reiðstíga þetta árið, en ákveðið að halda áfram að vinna í verkefninu og gera bæjarráðum sveitarfélaganna erindi sem allra fyrst.

Í framhaldi af fundum með bæjarverkfræðingum sveitarfélagann þar sem þeim var kynnt verkefnið var sent formlegt erindi til bæjarráða Kópavogs og Garðabæjar. Afgreiðslur þeirra voru með þeim hætti að erindunum var vísað til fjárhagsáætlunar 2014 þar sem málið virðist hafa dagað uppi en verið er að ýta við því þessa daganna. Hér að neðan má sjá úr fundargerðum sveitarfélaganna fyrst Kópavogs og svo Garðabæjar.

#### **6. 1307418 - Merkingar reiðstíga í Garðabæ og Kópavogi**

*Bæjarráð vísaði málinu til umhverfis- og samgöngunefndar til úrvinnslu þann 25.07.2013. Lagt er fram erindi frá Hestamannafélaginu Spretti, dags. 18.07.2013. Þar er lögð fram fjárhagsáætlun um fyrirhugaðar merkingar á reiðstígum og óskað eftir stuðningi Kópavogs við verkefnið og árlegt framlag til viðhalds og uppbyggingar reiðstíga.*

**Umhverfis- og samgöngunefnd samþykkir fyrir sitt leyti tillögu að samrýmdum merkingum á reiðstígum og vísar kostnaði til viðhalds og uppbyggingar reiðstíga til fjárhagsáætlunar 2014.**

**Garðabær fundur nr. 30 þann 23 júlí 2013.**

**1307589 - Bréf Hestamannafélagsins Sprettis varðandi merkingar reiðstíga, dags. 18.07.13.**

Bæjarstjóri kynnti erindi félagsins um merkingu reiðstíga.

Bæjarráð samþykkir að vísa bréfinu til afgreiðslu við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2014.



Sameiginlegur fundur umhverfis- og reiðveganefnda Sprettis 07.11.2013

Til fundarins var boðað að frumkvæði umhverfisnefndar, mætt frá umhverfisnefnd; Óskar Páll Björnsson, Árni Björgvinsson, Tryggvi Aðalbjarnarson, Ragnheiður Samúelsdóttir, Kristín Njálisdóttir, Gunnar Már Þórðarson og Rósa Ingibjörg Jónsdóttir, frá reiðveganefnd Halldór Halldórsson.

Umræðuefni var sameiginlegir snertifletir nefndanna á Kjóavallasvæðinu sem og hugsanleg sameining nefndanna. HH sagði frá starfssvæði reiðveganevndarinnar sem nær um allt landsvæði Garðabæjar og Kópavogs þar sem reiðvegi er að finna. HH telur sameiningu nefndanna ekki tímabæra, en sjálfsagt að funda um sameiginleg málefni á starfssvæðinu. Fram kom vilji hjá umhverfisnefnd um að fjarlægja grjót (þrengingar) af reiðvegum á Kjóavöllum, þrengingarnar voru hugsaðar á sínum tíma til að hindra akstur bifreiða á reiðvegnum. Einnig var rætt um brunna í reiðvegnum þ.e. í reiðvegi meðfram Markavegi við Heimsenda og við vatnstankinn í landsenda. Samþykkt að fjarlægja grjótin af reiðvegnum að undanskyldum grjótum efst í Básaskarði við Guðmundarlund og grjótum við þau brunnlok sem eru í reiðgötunum. GMP ræddi nauðsyn þess að setja hraðahindrun á akveg við Heimsenda þ.e. akveg frá Þingum vegna hraðaksturs inn í hverfið. RS ræddi hættur sem geta skapast vegna hópa leikskólabarna í Magnúsarlundi, en búið er að bæta aðstöðu til útivistar í lundinum með t.d gerð stíga sem liggja að reiðgötum ofl. í þeim dúr. Allir sammála um að eðlilegra væri að hópar barna og unglinga sameinuðust í Guðmundarlundi frekar en í athafnasvæði hestamanna á Kjóavöllum. Nauðsynlegt að stjórn Sprettis finni lausn á þessu með skólaskrifstofu Kópavogs eða þar tilbærum yfirvöldum. Rætt var um nauðsyn akvegar innan svæðis þ.e. frá gamla Andvarasvæði að hinni nýju reiðhöll. Rætt um reiðveg frá Andvara að Markarvegi, nauðsynlegt að lagfæra fyrir veturinn ef hann verður ekki lagður í rétta legu samkvæmt deiliskipulagi. Rætt um reiðveg í Grunnuvatnaskarð að Vatnsásvegi. Rætt um grófan reiðveg á Vatnsendaheiði (Gunnarsbraut). Rætt um tengsl stjórnar Sprettis við nefndir sem er ábótavant að mati umhverfisnefndar.

Ákveðið HH verði í sambandi við Stefán L Stefánsson hjá framkvæmdasviði og að HHH og ÓPB reyni að hitta hann sem fyrst á svæðinu til að yfirfara og lagfæra það sem að bæjryfirvöldum snýr. Einnig rætt að funda með Gísla Norðdal vegna byggingakrana ofl. á svæðinu.



Fundað var með Stefáni L Stefánssyni framkvæmdastjóra framkvæmdadeildar Kópavogs þann 12. nóv. 2013. Fórum yfir nokkur atriði sem við teljum að þurfi úrbóta við sem fyrst, og önnur atriði sem þarfnast lagfæringar, höfðum meðferðis myndir til að skýra mál okkar betur. Fyrst var rætt um brunna og brunnlok í reiðvegum á amk. þrem stöðum þ.e. í reiðvegi meðfram Markavegi, í reiðvegi að Heimsenda frá hringgerði og á reiðvegi í Landsenda við vatnstankinn. Stefán taldi unnt að lækka brunnana svo hætta stafaði ekki af og lofaði að taka málið til skoðunnar. Færsla á umferðarskiltum frá reiðvegi við gatnamót Markarvegur og Hestheima, hætta stafar af skiltunum þar sem þau eru núna og lofaði Stefán því að færa skiltin fjær reiðveginum. Yfirlag á reiðveg meðfram Hestheimum, búið er að leggja yfirlag á reiðveginn en eftir er að ganga frá út við gatnamótin við Markarveg og á kafla þar sem grafið var á lagnirnar vegna heitavatnslagnar að reiðhöllinni, verður lagfært. Einnig rædd umgengni og framkoma húseiganda á hornhúsinu. Rætt var við Stefán um hraðahindrun og þrengingu akvegar vegna hraðaksturs að Heimsenda frá Leiðarenda. (*Leiðarendi er gatan frá hringtorgi við Boðarþing og upp hjá Guðmundarlundi*). Stefán ætlar að ath. hvaða hámarkshraði gilti um svæðið áður en hann gæti gert eitthvað í málinu. Honum var bent á að Andvaramegin á Kjóavöllum væri 30 km hámarkshraði samkv. merkingum. Rætt var um Magnúsarlund og þá slysaþættu sem gæti skapast af því að beina hópum grunn- og leikskóla barna þangað, hér þarf stjórn Sprettis að ræða við skólaskrifstofu og fara yfir málið með þeim. Rætt um útboð vegna gatnagerðar við Vallarþing og undirgöng við Leiðarenda, útboðið er í gangi núna og framkvæmdum á að vera lokið 15. júlí 2014. Allur akstur vegna gatnaframkvæmda í Vallarþingi verður um Landsenda, með því ónæði sem því fylgir. Reiðvegur frá Heimsenda um Vatnsendahlíð að Elliðavatni verður lokaður frá miðjum apríl og fram á sumarið vegna framkvæmda við undirgöng. Rætt var við Stefán að bera yfirborðsefni í reiðveg á Vatnsendaheiði (Gunnarsbraut), Stefán var ekki viss um hvort sá vegur væri reiðvegur og var honum bent á að í kortasjá LH væri vegurinn skilgreindur sem slíkur, Stefán kvaðst myndu skoða málið frekar. Rætt um að á nokkrum reiðvegana væri orðið talsvert af staksteinum og þyrfti að lagfæra það, höfðum myndir sem sýndu ástandið. Er fólk að kvarta undan þessu spurði Stefán, honum var bent á að fólk riði greitt um góða reiðgötu og lenti fyrirvaralaust í þeim aðstæðum sem gætu orsakað hófmar og helti hrossa. *Halldór H Halldórsson Reiðveganevnd, Óskar Páll Björnsson Umhverfisnefnd.*



5. fundur Reiðveganeftndar var haldinn 27. janúar. 2014. Mætt voru Halldór Halldórsson, Ágústa Halldórsdóttir og Ragna Björk Emilsdóttir.

Halldór fór yfir Skipulag reiðleiða í Heiðmörk. einnig í Garðabæ og landi Kópavogs. Þarf að ath. hvar nýja reiðleiðin ofan við Vífilstaðavatn ( Grunnuvatnaskarð ) er föst í Skipulagi Garðabæjar. Farið var yfir ráðstöfun á reiðvegafé á síðasta ári, og hvar áherslur lægju hjá okkur núna. Ræddum um að Gunnarsbraut þyrfti lagfæringar við og einnig syðsta kaflann á leiðinni undir Hjöllunum að Þverhjöllum ( Hnífhólshjalli ). Þurfum að ath hvort ekki sé gert ráð fyrir reiðvegafé í fjárhagsáætlunum beggja bæjarfélaga fyrir 2014. Einnig þurfum við að ath hvort gert er ráð fyrir Vegprestunum okkar í fjárhagsáætlunum, svo við getum hafist handa við að koma þeim upp, þegar sól hækkar á lofti.

Halldór sýndi okkur nýju útgáfuna af Reiðleiðakorti á svæðinu okkar. Eintak verður sett upp í nýju Reiðhöll Spretts. Ræddum um að koma reiðvegakortinu til Æskulýðsneftndar, sem gætu plastað þau og selt til Sprettsfélaga, sem lið í fjáröflun fyrir æskulýðsstarfið.

Ragna talaði um virðingarleysi reiðmanna gangvart öðrum reiðmönnum, bæði riðið hratt aftur undir hross og mætt á of miklum hraða. Ákváðum við að fá Vefstjóra til að birta Umferðarreglur á reiðvegum aftur á heimasíðunni til að minna fólk á tillitsemi gangvart náunganum.



### **Skipulagsmál:**

Athugasemdir voru gerðar við aðalskipulag Reykjavíkur og Kópavogs, en þau voru til kynningar á sama tíma. Hvað skipulag Reykjavíkur varðar þá voru gerðar aths. vegan stöðu reiðvega í Heiðmörk og reiðvegi á Kjalarnesi:

- ✓ Reiðleið með akvegi frá Rauðhólum að Elliðavatni; vantar á skipulagið.
- ✓ Reiðvegatengingu frá reiðvegum ofan Almannadals að reiðvegi við Sólheimakot vantar.
- ✓ Reiðvegatengingu vantar frá Fjárborg á reiðveg austan Fjárborgar ( Suðurlandsvegur – Hólmsheiði).
- ✓ Reiðvegatengingu vantar frá reiðvegi við Korpu að reiðvegum á Blikastaðanesi.
- ✓ Reiðveg á Esjumelum vantar á Aðalskipulagið þ.e. reiðvegur frá gömlu brúnni yfir Leirvogsa og meðfram akvegi í Kollafjörð.
- ✓ Reiðvegur úr Kollafirði norðan og austan svæðis ( merkt íþ8) hjá Norðurgröf endar þar. Sýna þarf áframhald reiðvegarinns að Hrafnhólum með tengingu við reiðleiðina um Svínaskarð yfir í Kjósarhrepp. Einnig vantar reiðleiðina áfram austur um hjá Stardal, sunnan Skálafells og allt að Litla-Sauðafelli.
- ✓ Alla reiðvegi vantar í útivistarsvæðinu Heiðmörk, krafa er um að reiðvegir sem voru kynntir á deiliskipulagi dags. 10.07.2012 verði á staðfestu Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.

Reiðvegur sem sýndur er á Aðalskipulagstillögunum ( þéttbýlisupprætti ) á svæði OP19 þ.e. frá Hólmi yfir Hellur, brunnsvæði Gvendarbrunna og Helluvatn að Elliðavatni telja hestamenn óþarfan og leggja til að hann verði felldur út af skipulagsupprætti.

Varðandi skipulag Kópavogs voru eftirfarandi aths. gerðar:

- ✓ Reiðvegur frá Básaskarði um Stórabás austur á Vatnsendaheiði er sýndur á milli Guðmundarlundar og akvegarinn. Það er óásættanlegt vegna aukinnar umferðar um akveginn og aukinna mannfagnaða í Guðmundarlundi. Reiðvegurinn um Stórabás þarf að vera sérstæður og liggja sunnan akvegar.
- ✓ Reiðvegur af Vatnsendaheiði um Vatnsendahlíð að Vatnsendavatni og hefur verið sýndur á deiliskipulagstillögum sem og á yfirlitsmynd af fyrirhuguðu heildarsvæði Kjóavalla með helstu reiðleiðum, dags. 1. feb. 2008, er ekki sýndur á Aðalskipulaginu, það er ekki ásættanlegt.
- ✓ Á sveitarfélagsupprætti vantar reiðvegi hjá Gunnarshólma og Geirland meðfram Suðurlandsvegi og áfram austur um Sandskeið að reiðvegum við Bolöldu. Einnig vantar reiðvegatengingar við reiðvegi í Mosfellsbæ og Reykjavík þ.e. við Hólmsá, Hraunslóð og Elliðakot.
- ✓ Tengingu vantar frá reiðvegi við Dimmuhvarf við reiðvegakerfi Fáks í Víðidal, t.d. með nýrri göngu og reiðbrú yfir Elliðaár við Heyvað.
- ✓ Reiðvegur um Leirdal ( Leirdalshringur ) er felldur út af nýju aðalskipulagi, reiðvegur um Leirdal var m.a. grundvöllur deiliskipulags Kjóavalla. Sýndur sem meginreiðleið út frá Kjóavöllum, núverandi og áætlaðar, byggt á gögnum frá Skipulagsdeild Kópavogs og er á yfirlitsmynd af fyrirhuguðu heildarsvæði Kjóavalla með helstu reiðleiðum dags. 1. feb.2008. Hestamenn geta fallist á að reiðvegir um Leirdal falli út af skipulagstillögum, en krefjast þess að aðrar reiðleiðir tengdar Kjóavallasvæðinu komi í staðin.



### **Reiðvegaframkvæmdir:**

Sótt var um 1,7 m. kr. til reiðveganefndar Kjalarnesþings vegna viðhalds og lagfæringa á reiðstígum á athafnasvæði Spretts, þ.e. utan sjálfra Kjóavalla. 1,7 m. kr. kom í hlut Spretts og hefur þeirri fjárhæð verið ráðstafað í reiðveg um Smalaholt að gatnamótum við Vífilsstaði, lagfæringar voru gerðar á reiðstíg frá Urriðakoti um Setberg. Reiðvegurinn heflaður og farið með steinbrjótinn yfir auk þess sem borið yfirborðsefni í leiðina af Setbergshæðinni niður að læknum. Einnig var unnið að lagfæringum í Vífilsstaðahlíð og frá Gjármótum að Smyrlabúð. Samið var við Hafnasand hf. um framkvæmdir og er þeim lokið.

Þá kom reiðveganefndin að fjármögnun til að hægt væri að ljúka reiðvegagerð umhverfis keppnisleikvanginn (skeifuna).

Ástand reiðvega á athafnasvæði Spretts er almennt gott, Kópavogsmenn hafa gert lagfæringar varðandi brunnlok í reiðstígum og færslu á umferðarskiltum við reiðveg yfir Hestheima.

Unnið er að því þessa daganna að fá sveitarfélögin til að leggja fram fjármagn til viðhalds og uppbyggingar reiðstíga á athafnasvæði Spretts 2014. Einnig hefur verið sótt um fjármagn til LH vegna viðhalds reiðstíga í Heiðmörk, en við teljum okkur þurfa árlega um 4. m.kr. til viðhalds núverandi reiðstígum. Reiðvegur um Grunnuvatnaskarð að Vatnsásvegi mun að líkum kosta um 11,5 m.kr. Horfum við til þess að sveitarfélögun kosti alfarið þá framkvæmd sem og áframhald reiðvegar frá Vatnsásvegi í Hjalladal.

F.h. Reiðveganefndar Spretts

*Halldór H. Halldórsson*

